

mannahrepps í brjefi sínu, dags. 27. okt. 1916, hafði, eftir því sem helst verður að skilja um- **44**
mæli hans, fallið frá kröfu um lögflutning og ekki endurnýjað hana síðar. Þess verður því **6. maí**
enganveginn krafist, að hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps framkvæmdi flutning þurfalings-
ins, gegn læknisráði. Að vísu var þurfalingurinn fluttur burtu úr Vatnsleysustrandarhreppi
í júlímánuði 1918, og sýndi sig þá að vera flutningafær, en það raskar engu um skyldu
dvalarsveitarinnar til flutningsins. Svo ber og þess að geta, að þessi flutningur náði að eins
í Grímsnesið, að Stóru-Borg, og var öldungis privat en ekki lögflutningur, þótt framkvæmdin
væri að vísu að hvötum Landmannahrepps.

Það verður því samkvæmt framanrituðu að taka kröfur hreppsnefndar Vatnsleysu-
strandarhrepps til greina í þessu máli, en þær eru, að Landmannahreppur endurgreiði fyr-
nefndum hreppi alt meðlag með þurfalingnum frá 14. desbr. 1916 til 16. júlí 1918, sem er
samtals að frádregnu því, sem áður er greitt, 308 kr. 20 a. Gegn meðlagsupphæðinni hefir
framfærslusveitin engum mótmælum hreyft.

Því úrskurðast, að Landmannahreppur endurgreiði Vatnsleysustrandarhreppi ofan-
nefndar 308 kr. 20 aur.

Þetta er yður hjermeð til vitundargefið til leiðbeiningar og frekari birtingar fyrir
hreppsnefnd Landmannahrepps og ber yður að sjá um að hin úrskurðaða upphæð verði
greidd án tafar.

Auglýsing

45
3. febr.

frá póstmeistara.

1. Hækkað burðargjald.

Frá 1. mars 1919 hækkar burðargjald undir innansveitnr- og innanbæjarsend-
ingar þannig:

a.	Almenn brjef fyrirframborguð og peningabrjef	8	aura
	Óborguð almenn brjef	16	—
b.	Sjaldbrjef	5	—
	Spjaldbrjef með borguðu svari	10	—
c.	Prentað mál og sýnishorn af vöru	5	—
	Abyrgðargjald meðmælingabrjefa samkvæmt póstlögum.	30	—

2. Hækkað verð eyðublaða.

Fylgibrjef (umslög) með bögglum og póstkröfueyðublöð innanlands kosta á pósthús-
unum 2 aura hvert.

Ef 25 eru keypt í einu af hvorri tegund um sig, kosta þau 40 aura.

Póstkvittunarbækur kosta 1 krónu.

3. Brjefburður í Reykjavík.

Frá 1. mars 1919 verður Reykjavíkurbæ skift í 4 brjefberaumdaemi og verður hverj-
um brjefbera launað með 1500 króna ársláunum.